

Hestamannafélagið Jökull

Ársskýrsla æskulýðsnefndar

Veturinn 2025-2026

Hestamannafélagið Jökull

Hestamannafélagið Jökull var stofnað þann 1.júlí 2021. Félagið byggir á gömlum grunni sem lagður var af hestamannafélögunum Loga, Smára og Trausta. Starfssvæði félagsins nær yfir Skeiða og Gnúpverjahrepp, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð og Grímsnes og Grafningshrepp svo ljóst er að vinna þarf ötullega að því að ná til sem flestra á stóru svæði.
Markmið æskulýðsnefndar er að vinna að öflugu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi og reyna að ná til þeirra sem vilja stunda hestamennsku sem keppnisíþrótt og líka sem félagsstarf og áhugamál. Með fjölbreyttu starfi reynum við eftir fremsta megni að stuðla að nýliðun meðal ungu knapanna okkar um leið og við gerum okkar allra besta í að halda vel utan um þá sem eru lengra komnir og upp í unglinga og ungmennaflokk.
Gott starf æskulýðsnefndar er gríðarlega mikilvægt því uppbygging og framtíð félagsins byggist á æskunni okkar.

Æskulýðsnefnd 2025-2026

Kristín Sigríður Magnúsdóttir, Guðrún Erna Þórisdóttir, Arna Þöll Sigmundsdóttir,
Bára Másdóttir, Kristín Eva Einarsdóttir, Andrea Skúladóttir og Auður Gunnarsdóttir.

Kynningarfundur

Starfsárið hófst formlega 17. nóvember 2025 þegar nefndin hélt opinn kynningarfund. Farið var yfir líðandi starfsár og dagskráin framundan kynnt. Frábær vettvangur fyrir fólk að koma með hugmyndir og fræðast um starfið. Hestar voru á staðnum og gátu áhugasamir prófað að setjast á bak og síðan var hlaupið og leikið í reiðhöllinni. Pizza í boði skjolcenter.is og þakkar nefndin sérstaklega fyrir það.







Bling námskeið

Í lok nóvember fengum við Siggu Pjé enn og aftur til að koma og vera með geggjað BLING námskeið þar sem nemendur gátu útbúið sína eigin ennisól eða nefól. Það er óhætt að segja að þetta námskeið sló í gegn eins og alltaf og orðið nánast að árlegum viðburði á haustmánuðum. Áhugasamir gátu svo skoðað og verslað allskonar hestatengdar vörur frá Litlu hestabúðinni þar sem Sigga kom klyfjuð af allskonar fallegum vörum með sér. Virkilega skemmtileg kvöldstund og knapar fóru klárlega brosandi og glitrandi inn í tímabilið.





Frumtamninganámskeið

Thelma Dögg Tómasdóttir var með skemmtilegt frumtamninganámskeið í janúar í reiðhöllinni á Flúðum. Þátttakendur komu með mismunandi hross á ýmsum stigum tamningar og fengu góða kennslu og leiðbeiningar með framhaldið. Virkilega spennandi fyrir unga knapa að spreyta sig á yngri og minna gerðum hrossum og ná sér í dýrmæta reynslu og innsýn í fleiri hliðar hestamennskunnar undir diggri stjórn Thelmu.

Járninga og hófhirðunámskeið

Sunnudaginn 18. janúar komu járningameistararnir Sigurgeir Jóhannsson og Caroline Aldén og voru með frábært námskeið þar sem byrjað var á bóklegri fræðslu um hófa, grunnstöðu og líffærafræði sem og fræðslu um skeifur, fjaðrir og járningar almennt ásamt sýnikennslu þar sem þau járnuðu dauðar lappir. Að loknum hádegismat fengu þátttakendur að spreyta sig á að járna dauðar lappir, fá aðstoð og hjálp og svör við öllum þeir spurningum og vangaveltum sem komu upp. Frábær fræðsla.





Helgarnámskeið með Hönnu Rún

Helgarnámskeið í janúar fyrir barna, unglinga og ungmennaflokk í reiðhöllinni á Flúðum þar sem Hanna Rún Ingibergsdóttir reiðkennari kom með skemmtilega nálgun við þjálfun hesta á öllum stigum og vann einstaklingsmiðað með hverjum knapa og hesti fyrir sig. Hanna gaf knöpum skýr og góð verkfæri til að vinna með við þjálfun og hjálpaði knöpum við að skipuleggja vetrarþjálfunina út frá sinni stöðu hvort sem stefnan var sett á keppni eða einfaldlega bara að bæta sig og sinn hest. Skemmtileg viðbót við námskeiðahald vetrarins.

Almennt reiðnámskeið/Keppnisnámskeið

Í janúar var farið af stað með reglulega reiðkennslu og voru reiðtímar að jafnaði tvo daga í viku fram í maí þar sem allir krakkar sem höfðu aðgang að hesti og búnaði áttu kost á að taka þátt. Hægt var að velja um að skrá sig í einkatíma eða hópatíma þar sem börnum var raðað í hópa eftir aldri og getu og verkefni og markmið hvers hóps sett út frá því. Einstaklingsmiðuð kennsla þar sem áhersla var lögð á samspil knapa og hests í bland við leiki, þrautir og fræðslu. Reiðkennarar voru Ásdís Ósk Elvarsdóttir og Thelma Dögg Tómasdóttir sem sáu um allt skipulag. Frábært utanumhald og metnaður lagður í að mæta þörfum hvers og eins og sjá til þess að allir náðu að blómstra. Þessi námskeið eru klárlega að festa sig í sessi og er þátttaka yfirleitt mjög góð enda mikil eftirspurn eftir reglubundinni reiðkennslu.
Tímarnir voru fjölbreyttir og þegar líða fór á vorið var stundum farið út á völl eða stutta reiðtúra og í síðasta tímanum skellti allur hópurinn sér svo saman í reiðtúr ásamt reiðkennurum og einhverjum forráðamönnum þar sem riðið var frá reiðhöllinni á Flúðum og í Túnsberg þar sem voru grillaðar pylsur og haft gaman. Þeir allra hörðustu riðu svo aftur tilbaka á Flúðir, frábær samvera allra aldurshópa.





Afrekshópur Jökuls

Tók svo við um miðja maí þegar almennt námskeið/keppnisnámskeið var búið og var þá enn freka einblínt á keppnismiðað námskeið fyrir yngri flokka, 10-21 árs sem mögulega settu stefnuna á úrtöku og í framhaldi landsmót og vildu halda áfram að byggja sig upp sem og fá stuðning til að keppa og bæta sig og hestinn sinn. Kennarar voru Ásdís Ósk Elvarsdóttir, Thelma Dögg Tómasdóttir og Oddrún Ýr Sigurðardóttir.

Pollafjör

Vinsælu pollanámskeiðin voru að sjálfsögðu á sínum stað fyrir þau allra yngstu þegar leið á veturinn. Þetta voru nokkrir virkilega skemmtilegir laugardags og sunnudagsmorgnar í mars, apríl og maí þar sem markmiðið var að hafa gaman, hlæja, brosa og gera sitt allra besta, stundum alveg sjálf og stundum með aðstoð foreldra.
Algjörlega ómissandi í vetrarstarfinu og virkilega ánægjulegt að sjá unga knapa vaxa í gegnum leik og gleði. 26 kátir pollar voru skráðir og kennari var að vanda Oddrún Ýr Sigurðardóttir, reiðkennari og þroskaþjálfi.









Æska Suðurlands

Æska Suðurlands er mótaröð fyrir polla, börn og unglinga og er samvinnuverkefni hestamannafélaganna Háfeta, Ljúfs, Sleipnis, Geysis og Jökuls. Mótadagar eru þrír og keppt er í tveimur greinum á hverju móti í barna og unglingaflokki og einni grein fyrir polla sem allir fá verðlaun fyrir sína þátttöku. Keppnisstaðir 2026 voru Hella, Eldhestar og Selfoss. Virkilega skemmtileg mótaröð þar sem keppt er í fjölbreyttum greinum svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi!

Árið 2026 var keppt í fjórgangi, þrígangi, smala, tölti, mjólkurtölti, fimmgangi og hindrunarstökki.
Ágætis þátttaka var á mótunum og átti Jökull marga flotta fulltrúa sem tóku þátt í þeim þremur aldurshópum sem boðið var upp á í mótaröðinni. Öll stóðu sig með mikilli prýði og náðu sumir á verðlaunapall.





Húsatóftir

Nokkur sjálfstæð námskeið í júní og júlí fyrir börn og unglinga þar sem hestar og búnaður var á staðnum og ekkert annað að gera en að skrá krakkana og mæta. 12 pláss á hverju námskeiði og hvert námskeiðið á fætur öðru fylltist strax. Leikir og þrautir og allskonar skemmtilegt þar sem áhersla var lögð á að hafa gaman og auka sjálfstraust og hugrekki á baki og í kringum hestana. Ómetanlegt að geta boðið upp á námskeið þar sem hestar og búnaður er á staðnum, vettvangur fyrir byrjendur og lengra komna sem hafa ekki aðgang að hestum að staðaldri. Kennari var Elín Moquist.





Félagsmót og æfingadagar

Vetrarmótin voru á sínum stað líkt og fyrri ár, fjölbreyttar keppnisgreinar voru þennan veturinn líkt og síðasta og gafst krökkunum færi á að spreyta sig m.a. í tölti, fjórgangi og fimmgangi. Einnig var opið páskatölt í reiðhöllinni á Flúðum og svo firmakeppni og að sjálfsögðu gæðingamót. Þátttaka á félagsmótum er alltaf að aukast og má það eflaust að einhverju leiti þakka auknu skipulögðu æskulýðsstarfi, sérstaklega var ánægjulegt að sjá hversu góð þátttaka var í polla og barnaflokki.

Fyrir öll þessi mót sem og Æsku Suðurlands var boðið upp á æfingatíma í boði félagsins. Þar gafst krökkum tækifæri til að fá leiðsögn kennara og undirbúa sig fyrir þátttöku á þessum mótum. Allir gátu nýtt þessa æfingatíma, engin krafa var gerð um þátttöku á mótunum en þessir tímar ýttu klárlega undir þátttöku og juku sjálfstraust og öryggi krakkanna í að taka þátt.

Kennarar voru til skiptis Ásdís Ósk Elvarsdóttir, Thelma Dögg Tómasdóttir og
Fanney Gunnarsdóttir.





Landsmót hestamanna á Hólum í Hjaltadal

Hestamannafélagið Jökull átti svo sannarlega glæsilega fulltrúa á landsmótinu, sumir að stíga sín fyrstu skref í keppni og á stórmótum, aðrir með einhverja reynslu á stóra sviðinu. Öll stóðu þau sig með miklum sóma og sýndu bæði góða reiðmennsku og glæsilega framkomu.

Fulltrúar Jökuls í barnaflokki voru Aron Freyr Ingvarsson og Bliki frá Dverghamri, Bjarki Þór Ingvarsson og Vænting frá Fjalli og Ingibjörg Elín Traustadóttir og Bylgja frá Hlíðartúni.







Fulltrúar Jökuls í unglingaflokki voru Álfheiður Þóra Ágústsdóttir og Óskamey frá Íbishóli sem fóru í milliriðla, nældu sér í sæti í B úrslitum og enduðu í 12. sæti, Árný Sara Hinriksdóttir og Moli frá Aðalbóli sem fóru í milliriðla, nældu sér í sæti í A úrslitum og enduðu í 6. sæti, Svava Marý Þorsteinsdóttir og Þyrla frá Haukholtum sem fóru í milliriðla og enduðu í 20. sæti, Emma Rún Sigurðardóttir og Veröld frá Varmalæk og Hrafnhildur Sigurðardóttir og Kóróna frá Bjarnastöðum.













Fulltrúar Jökuls í B flokki ungmenna voru Hildur María Jóhannesdóttir og Hvervar frá Svignaskarði sem fóru í milliriðla og enduðu í 25. sæti, Friðrik Snær Friðriksson og Dís frá Bjarnanesi sem fóru í milliriðla og enduðu í 28. sæti, Eyþór Ingi Ingvarsson og Aþena frá Langsstöðum og Ida Ljung og Dagur frá Fossi.
Fulltrúar Jökuls í A flokki ungmenna voru Friðrik Snær Friðriksson og Stormsker frá Stormi sem fóru í milliriðla, nældu sér í sæti í B úrslitum og enduðu í 14 sæti, Álfheiður Þóra Ágústdóttir og Gammur frá Ósabakka 2 og Svava Marý Þorsteinsdóttir og Sæmd frá Syðra-Langholti sem fóru í milliriðla, nældu sér í sæti í A úrslitum og enduðu í 7. Sæti.









Faxanámskeið

Sumarnámskeiðið sem haldið hefur verið í Hrísholti var með aðeins breyttu sniði að þessu sinni og var haldið í og við Tungnaréttir og á svæðinu við Faxa. Á þessi námskeið þarf að koma með hest, hnakk og hjálm og að sjálfsögðu góða skapið og stundum líka flugnanet eða pollagalla, stundum bæði...

Áherslan var sú sama þó staðsetningin væri breytt, nýta mismunandi aðstæður til að þjálfa og læra og hafa gaman með hestunum, það eru jú ekki reiðhallir á öllum bæjum!

Reiðkennarar að þessu sinni voru þær Malin Andersson og Malou Sika Jester Bertelsen.

Þessi námskeið eru svo sannarlega stór partur af sumrinu og virkilega gaman að sjá frábæra þátttöku og hvernig reiðkennarar hverju sinni nýta svæðið til kennslu þegar það er ekki reiðhöll á staðnum, námskeiðið endaði svo á kökukaffi og reiðtúr með kennurum og aðstandendum, því fleiri því betra.









Miðengi og Vallamót

Reiðnámskeið var haldið í Miðengi í Grímsnesi dagana 9.–12. ágúst 2026. Alls tóku 25 börn á aldrinum 5–15 ára þátt í námskeiðinu. Kennsla fór fram síðdegis í reiðhöllinni í Miðengi og á reiðvellinum þar. Kennari námskeiðsins var Elín Magnea Björnsdóttir. Miðengismenn tóku einstaklega vel á móti hópnum og buðu nemendum upp á hagabeit fyrir hestana ásamt frábærri aðstöðu meðan á námskeiðinu stóð. Hestamannafélagið Jökull kann þeim bestu þakkir fyrir góðar móttökur og aðstöðuna. Námskeiðinu lauk með fjölskyldureiðtúr frá Laugarvatni að Kringlumýri undir umsjón Andreu Skúladóttur. Reiðtúrinn gekk mjög vel og þátttaka var góð. Að honum loknum bauð Hestamannafélagið Jökull upp á grillaðar pylsur í Kringlumýri og var frábær mæting bæði í reiðtúrinn og grillið. Nemendum bauðst að gista í Kringlumýri og var áhuginn það mikill að færri komust að en vildu. Morguninn eftir var riðið á Laugardalsvellina þar sem hið árlega Vallamót Jökuls fór fram. Einnig má geta þess að nemendur komu saman og fylgdust með sólmyrkvanum 12. ágúst, sem setti skemmtilegan svip á námskeiðið og varð eftirminnilegur hluti af dagskránni. Námskeiðið tókst í alla staði mjög vel og var þátttaka og áhugi barnanna ánægjulegur.











Lokaorð og þakkir

Mikill uppgangur hefur verið í starfi félagsins síðustu ár og enginn bilbugur er á æskulýðsnefnd. Vetrarstarfið er að taka á sig mynd og hlökkum við til að takast á við ný verkefni í félaginu okkar sem vonandi heldur áfram að stækka og dafna. Mikill áhugi er meðal yngri kynslóðarinnar í félaginu og gott æskulýðsstarf er hverju félagi nauðsynlegt því krakkarnir eru jú framtíð félagsins. Við stefnum á að halda áfram að byggja ofan á fjölbreytt starf og bjóða upp á námskeið, fræðslu og skemmtun fyrir eins breiðan hóp og mögulegt er.

Þessi skýrsla er auðvita ekki tæmandi listi yfir allt sem hefur verið gert og nauðsynlegt er að koma á framfæri að við erum auðvita hrikalega stolt af krökkunum okkar sem standa sig vel hvar sem þau koma og eru okkur og félaginu til mikils sóma.
Við höfum einnig verið sérlega lánsöm með að hafa aðgang að frábæru fólki, reiðkennurum, foreldrum og öðrum félögum og styrktaraðilum sem hafa hjálpað til við að gera gott starf að veruleika og viljum við nota tækifærið að lokum og segja stórt TAKK til allra sem lagt hafa starfinu lið og sérstaklega til krakkanna fyrir að taka þátt.
Við hlökkum til og horfum jákvæð til framtíðar og þeirra verkefna og viðburða sem framundan eru.
Áfram Jökull !

